
Minnisblað

Dagsetning: 29.7.2020

Höfundur: Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, starfandi sóttvarnalæknir/Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaráðstafanir í íslensku samfélagi og á landamærum.

Undanfarna 10-14 daga hafa komið upp veikindi vegna kórónaveiru meðal einstaklinga sem ekki hafa ferðast erlendis frá sjálfir og sem ekki hafa tengsl við innflutt tilfelli hér á landi í fyrsta sinn frá því að faraldur sem gekk hér í vor leið undir lok. Fjöldi smita fer vaxandi og eru nú a.m.k. tvö hópsmit komin fram þar sem hluti smitaðra hefur ekki klár faraldsfræðileg tengsl við aðra í hópnum.

Í ljósi þess mælir sóttvarnalæknir með eftirfarandi ráðstöfunum til eflingar sóttvarna:

Aðgerðir innanlands

- Takmörkun á fjölda einstaklinga sem kemur saman miðist við 100 fullorðna.
- Hvar sem fólk kemur saman og í allri starfsemi verði viðhöfð sú regla að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga en að sú ráðstöfun verði ekki lengur valfrjáls.
- Þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð milli ótengdra einstaklinga með fjöldatakmörkun verði krafist notkunar andlitsgrímu sem hylur nef og munn. Þetta á t.d. við um almenningsamgöngur, þ.m.t. innanlandsflug og farþegaferjur, og starfsemi s.s. hárgreiðslustofur og nuddstofur. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu ættu að lágmarki uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna CEN.
- Vinnustaðir, opinberar byggingar, verslanir og þjónustufyrirtæki sem eru opin almenningi skipuleggi starfsemi sína í samræmi við ofangreint og tryggi að ekki séu fleiri en 100 einstaklingar í sama rými og að í minni rýmum séu ekki fleiri en svo að hægt sé að tryggja 2 metra fjarlægð milli einstaklinga.
- Verslanir, opinberar byggingar og þjónustufyrirtæki sem eru opin almenningi
 - tryggi aðgang að handsóttthreinsi fyrir almenning og starfsmenn við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta s.s. snertiskjái og afgreiðslukassa
 - sinni vel þrifum og sótthreinsun yfirborða sem margir snerta eins oft og unnt er
 - minni almenning og starfsmenn á einstaklingsóttvarnir með merkingum og skiltum
- Sundlaugar og veitingastaðir tryggi að gestir geti haft 2 metra bil á milli sín í öllum rýmum með fjöldatakmörkun í samræmi við stærð hvers rýmis.
- Starfsemi sem í eðli sínu felur í sér að gestir noti sameiginlegan búnað s.s. íþróttastarf, líkamsræktarstöðvar, spilakassar og spilasalir geri hlé á starfsemi eða sótthreinsi slíkan búnað milli notenda.
- Söfn, skemmtistaðir og aðrir opinberir staðir geri hlé á starfsemi sé ekki hægt að tryggja að farið sé eftir fjöldatakmörkun eða að bil milli ótengdra aðila sé yfir 2 metrum.
- Opnunartími skemmti- og vínveitingastaða verði áfram til kl. 23:00.

Aðgerðir á landamærum

Smitin sem nú eru í gangi hafa að öllum líkindum, byggt á raðgreiningarmynstri, borist hingað til lands eftir að faraldur hér gekk yfir í vor og það þrátt fyrir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til við skimun á landamærum. Þess vegna telur sóttvarnalæknir þörf á því, meðan verið er að kortleggja útbreiðslu smits í samfélaginu hér og til að hindra að smit berist út í samfélagið eftir fyrirsjáanlegum og fyrirbyggjanlegum leiðum, að ráðstafanir á landamærum verði efldar.

Sóttvarnalæknir mælir með að svo stöddu að notkun tvöfaldrar sýnatöku, við komu og á degi 4-6 ef fyrra sýnið er neikvætt, verði útvíkkuð til allra sem hingað koma frá áhættusvæðum og dvelja hér 10 daga eða lengur með ráðstöfunum í samræmi við það sem nefnt hefur verið heimkomusmitgát þar til neikvæð niðurstaða fæst úr seinni sýnatöku.

Ef þessi ráðstöfun ber ekki árangur og innlend smit koma upp tengd komufarþegum þrátt fyrir beitingu ofangreindra ráðstafana þarf að herða enn frekar aðgerðir. Þá þyrfti að hugleiða eftirfarandi kosti:

- 1) Engin sýnataka á landamærum, 14 daga sóttkví fyrir alla sem koma frá áhættusvæði. Þetta úrræði var áður notað vegna ferða frá áhættusvæðum frá upphafi faraldrar fram til 15. júní og er talið hafa átt stóran þátt í því að takmarka umfang faraldursins í vor.
- 2) Engin sýnataka á landamærum, sóttkví í 5-7 daga fyrir alla þar sem sýni í veiruleit væri tekið á 5. degi, sóttkví aflétt ef það er neikvætt. Þetta úrræði krefst meiri aðkomu yfirvalda og heilbrigðiskerfis til undirbúnings og samhæfingar heldur en sóttkví í 14 daga en er væntanlega minna íþyngjandi fyrir einstaklinginn.

Mikilvægt er að hafa í huga að greining sýna frá einstaklingum með einkenni ganga alltaf fyrir sýnum sem tekin eru í skimunartilgangi. Við framkvæmd skimunar á landamærum þarf að gæta þess að fjöldi farþega sem kemur til landsins sé í samræmi við getu til sýnatöku og greiningar, en tafir á greiningum á landamærum vegna aukins fjölda sýna frá einstaklingum með einkenni gætu leitt til þess að einstaklingar sem koma smitandi til landsins dreifi smiti meðan niðurstaða er ekki ljós.

Sóttvarnalæknir leggur til að þessar ráðstafanir taki gildi eigi síðar en á hádegi 31. júlí og standi í tvær vikur, út 13. ágúst.

Með kveðju,

Kamilla Sigríður Jósefsdóttir starfandi sóttvarnalæknir og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir